

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/35

frá 22. nóvember 2010

um afturköllun viðurkenningar á Georgíu að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 7966)

(2010/705/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽¹⁾ einkum 2. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af endurmati framkvæmdastjórnarinnar, skv. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/106/EB, á reglufylgni Georgíu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta ákveðið að árita atvinnuskírteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni að viðkomandi þriðja land fullnægi kröfum alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978, með áorðnum breytingum, (STCW-samþykktin) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt.
- 2) Georgía hefur verið viðurkennt innan Evrópusambandsins, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem var ákvörðuð með c-lið 3. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽²⁾, þar sem viðurkenning á georgískum skírteinum af hálfu Ítalíu og Grikklands er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins⁽³⁾ og gilda þau því áfram í samræmi við 5. mgr. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, þrátt fyrir það að tilskipun 2001/25/EB hafi verið felld úr gildi.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur metið kerfi fyrir menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í Georgíu, í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/106/EB, til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari áfram að kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Matið, sem var byggt á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar, sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust í september 2006, leiddi í ljós nokkra annmarka.

4) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins á reglufylgni.

5) Því næst óskaði framkvæmdastjórnin eftir því bréflaga við yfirvöld í Georgíu, 27. febrúar 2009 og 23. mars 2010, að þau legðu fram sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið fullnægjandi bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við matið.

6) Í þeim tilvikum sem annmarkar höfðu komið í ljós við mat á reglufylgni við STCW-samþykktina, létu yfirvöld í Georgíu framkvæmdastjórninni í té umbeðnar upplýsingar bréflaga, 1. maí 2009, 12. janúar 2010, 17. febrúar 2010 og 14. apríl 2010, um framkvæmd aðgerða til að ráða bót á þessum annmörkum.

7) Mat framkvæmdastjórnarinnar á svörum yfirvalda í Georgíu leiddi í ljós að upplýsingar sem voru veittar varða einungis mjög lítinn hluta annmarkanna og samtímis kom í ljós að ekki var búið að ráða bót á meirihluta annmarkanna sem voru tilgreindir í mati á reglufylgni. Þessir annmarkar varða ýmsa þætti STCW-samþykktarinnar og einkum skort á innlendum ákvæðum um framkvæmd sumra krafna STCW-samþykktarinnar, t.d. hvað varðar innleiðingu gæðastaðlakerfis og notkun herma, virkni gæðastaðlakerfisins, bæði hjá stjórnvaldinu og nokkrum mennta- og þjálfunarstofnunum fyrir farmenn, eftirlit stjórnvaldsins með þessum stofnunum sem og fjölmargar kröfur um skírteinisútgáfu, bæði í tengslum við þilfar og vélarúm.

8) Þetta ósamræmi hefur áhrif á ýmis meginákvæði STCW-samþykktarinnar og hætta er á að það hafi áhrif á heildarhæfni farmanna með skírteini sem eru gefin út í Georgíu.

9) Niðurstaða mats á reglufylgni og upplýsingum frá yfirvöldum í Georgíu sýnir að Georgía uppfyllir ekki að öllu leyti viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og skal því viðurkenning Evrópusambandsins á landinu afturkölluð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 4.10.2012, bls. 35.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. C 268, 7.11.2003, bls. 7 og stjtið. C 85, 7.4.2005, bls. 8.

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 22. nóvember 2010.

1. gr.

Viðurkenning á Georgíu, sem var veitt í samræmi við c-lið 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2001/25/EB er afturkölluð, að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna, í því skyni að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim Kallas

varaforseti.
